



Lúxemborg, 11. mars 2025

FRÉTTATILKYNNING 04/2025

Dómur í máli E-23/24 AO og IM

NÆGILEGT FÉ TIL VARANLEGRAR BÚSETU GETUR AÐ ÖLLU LEYTI KOMIÐ FRÁ MAKA EES-RÍKISBORGARA

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá kærunefnd útlendingamála (*Utlendingsnemnda*) („kærunefndin“) varðandi 7. gr. Sambandsborgaratilskipunarinnar („tilskipunin“). Meginspurning kærunefndarinnar var hvort EES-ríkisborgari og maki hennar, ríkisborgari þriðja ríkis, hefðu „fullnægjandi framfærslu“ í skilningi ákvæðisins, ef allt framfærsluféð væru tekjur makans.

Fyrst komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að kærunefndin teldist vera „dómstóll“ í skilningi 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, og gæti því óskað eftir ráðgefandi áliti frá dómstólnum.

Í b-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að EES-ríkisborgarar skuli hafa yfir að ráða nægilegum fjármunum til að koma í veg fyrir að þeir og aðstandendur þeirra verði byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiríkinu. Andstætt því sem kærunefndin gaf til kynna í beiðni sinni, taldi EFTA-dómstóllinn að slíkir fjármunir gætu komið að fullu frá ríkisborgara þriðja ríkis.

Mál þetta mun nú fara aftur fyrir kærunefndina sem mun dæma í málinu í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-2324/

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.